

Vigtar- og ráðstöfunarskýrslur

Leiðbeiningar um umboðsveitingu og innskráningu.

A. Um kerfið

VOR-kerfi Fiskistofu er hannað til að halda utan um vigtar- og ráðstöfunarskýrslur, sem fiskkaupendum ber að skila samkvæmt 12. grein laga númer 57/1996.

B. Aðgangsstýring

Aðgangur í VOR-kerfið er veittur af prókúruhafa/eiganda fyrirtækis á mínum síðum hjá Ísland.is. Farið er inn á Ísland.is, mínar síður og síðan fyrirtæki og umboð. Því næst er farið í prókúruaðgang og þaðan í aðgangsstýringu og Fiskistofa valin úr flettilistanum. Þá er valið að skrá nýtt umboð og kennitala umboðshafa sett inn, síðan í réttindi og velja Vorið. Muna að velja gildistíma vel fram í tímann og skrá nýtt umboð.

ATH. Ef eigandi eða prókúruhafi fyrirtækis mun sjá um skýrsluskil þarf ekki umboð, heldur skráir sig inn á eigin kennitölu og sínum rafrænu skilríkjum.

C. Uppsetning og keyrsla

Aðeins þarf að setja Java Runtime Environment upp til að geta keyrt kerfið.

Uppsetningarskrár má finna á slóðinni <http://java.com/en/download/index.jsp>

Ef þessi tengill virkar ekki nægir að nota: <http://java.com> og velja „Free Java download“ þar.

Á heimasíðu Fiskistofu, <http://www.fiskistofa.is>, undir liðnum **Þjónustugátt, Vor-kerfi innskráning** er linkur á vefslóðina sem kerfið er síðan keyrt upp frá: <http://java.fiskistofa.is/vor/radstofun.jnlp>

Vinsamlegast hafið samband við Fiskistofu ef einhver vandræði koma upp við ræingu forritsins.

D. Innskráning í VOR kerfið

Farið er inn í kerfið á heimasíðu Fiskistofu, <http://www.fiskistofa.is>, undir liðnum **Þjónustugátt, Vor-kerfi innskráning**. Einnig er hægt að skrá sig inn á þessum hlekk: <http://java.fiskistofa.is/vor/radstofun.jnlp>

Þá birtist innskráningargluggi, þar sem þú þarft að slá inn kennitölu þína (bara í fyrsta skipti, forritið man hana milli ræsinga) og smella svo á "Innskrá" hnappinn (eða ýta á Enter), þá birtist Ísland.is innskráningarsíðan, þar sem þú skráir þig inn á þínum rafrænu skilríkjum.



Þegar þú hefur auðkennt þig birtist listi yfir þau umboð sem þér hafa verið veitt. Þar velur þú fyrirtækið sem þú starfar fyrir.

Þar með hefurðu aðgang inn í VOR-kerfið og getur byrjað að ganga frá vigrar- og ráðstöfunarskýrslum.